

**Ýmis gjöld.**

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka orkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald á Vestfjörðum hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvisitölu frá og með 1. mars 1976 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Hækkanir skv. ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytis sé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn, með samþykki ráðuneytis, gert bráðabirgðaráðstafanir, er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veituvæðinu meðan á vatnsskortum stendur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi hinn 1. júlí 1976. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.*

**F. h. r.**

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

**G J A L D S K R Á**

**fyrir Rafveitu Ísafjarðar.**

**TAFLA 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og mælaleigur.**

Númer gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárliða með skýringum	Orku verð kr./kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Ársgr.	Númer á mælal.
<b>A. Lýsing</b>					
1.1	Án fastagjalds .....	44.40			01
1.2	Með fastagjaldi .....	24.40	0.50/m <sup>2</sup>	183	01
1.3	Götu- og hafnarlýsing .....	8.90			03
1.4	Við húsbyggingar .....	24.40			01
<b>B. Heimili</b>					
2.1	Með fastagjaldi .....	12.20	3.70	1 350	01
<b>C. Iðnaður og verslun</b>					
3.1	Smávélar .....	24.40			02
3.2	Stór notkun .....	4.00	30.00/kW	10 950	04
<b>D. Hitun</b>					
4.1	Án rofs .....	10.00			01
4.2	Með rofi 1 kl/á dag .....	5.50			03

Númer gjald- skrárl.	Heiti gjaldskrárlíða með skýringum	Orku verð kr./kWst.	Fastar greiðslur í kr. Daggreiðslur	Ársgr.	Númer á mælal.
4.3	Með rofi 3 kl/á dag	3.40			03
4.4	Með rofi 3 kl/á dag sumarhitun	1.60			03
4.5	Með rofi 14 kl/á dag næturhitun	1.60			03
<b>F. Annað</b>					
5.1	Sérsamningar.				
5.2	Lokun húsveitna og enduropnun		730.00		
5.3	Súgburrkun	6.00			
<b>Mælaleigur</b>					
0 1	Einfasa almenn án stjórnart.		3.60/mælingu		1 315
0 2	Einfasa með stjórnart. og þrifasa án stjórnart		6.00/mælingu		2 190
0 3	Þriggja fasa m/stjórnrt.		10.00/mælingu		3 650
0 4	Þriggja fasa m/aflmæl.		20.00/mælingu		7 300

### Upplýsingar og ýmis ákvæði.

- Mælieiningar raforku eru kílóvattstundir (kWst.) og kílóvött (kW.). Þó er heimilt að miða mælingu við voltamper (VA) ef raunstuðull á mælistað verður lægri en 0,85.
- Ef ekki eru tók á að mæla notað afl, má miða aflúttak við 80% af uppsettu afl.
- Auk fyrrnefndra mælieininga er reiknað fast lágmarksgjald, er miðast við stærð húsnæðis. Í íbúðarhúsnæði miðast gjaldið við fjölda herbergja, en fermetrafjölda í öðru húsnæði, þar sem það á við.
- Notkun eftir gjaldskrárlíðum A-1.2 og C-3.1 má mæla með sama mæli og einnig notkun B-2.1 og D-4.1 til 4.3.
- Rafveitunni er heimilt að áætla notkun notanda í samræmi við meðalnotkun hans og innheimta greiðslur samkvæmt þeirri áætlun.
- Ef reikningur samkvæmt gjaldskrá er ekki greiddur fyrir 15. dag næsta mánaðar eftir að álestur fer fram er rafveitustjóra heimilt að innheimta vexti af skuldinni. Vextir reiknast mánaðarlega og miðast við yfirdráttarvexti á almennum hlaupa-reikningum.
- Tengingargjöld skulu vera að fullu greidd þegar tengingu er lokið.
- Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd, svo að til lokunar hafi komið, eða lokunarmaður sendur út, skal taka gjald skv. lið 5.2 á hverja innheimtu (reikning) sem krafinn er. Ef óskað er eftir opnun utan venjulegs dagvinnutíma, skal gjaldið vera tvöfalt.
- Lokunarmaður tekur ekki við greiðslu.
- Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og eigi opnuð aftur fyrr en úr hefur verið bætt og notandinn hefur greitt gjald skv. lið 5.2 á skrifstofu Rafveitunnar.
- Raforkusala til hitunar er háð flutningsgetu kerfisins að dómi rafveitustjóra og fyrirmælum hans um tengingu og búnað hitunartækja, svo sem að notandinn kosti segulrofa fyrir hitalagnir. Rafmagnsöfnar og önnur hitatæki skulu vera fasttengd. Rafveitustjóri ákveður stillingu á rofaklukkum.
- Tenging við veitukerfið.**

Í samræmi við umsókn, ákveður rafveitustjóri stærð, gerð og búnað tengingar (heimtaugar) eða spennistöðvar. Stofngjöld tenginga samkvæmt töflu II miðast við 3ja fasa jarðlínutengingu og notkunarstaði á skipulögðum svæðum, og umsækjandi hafi fengið byggingarleyfi án kvaða. Húsbýggjanda ber að senda Rafveitunni afrit eða ljósrit af byggingarleyfi áður en bygging hefst, ásamt af-

stöðumynd er sýnir inntak heimtaugar. Ef lengd heimtaugar fer yfir 15 metra, reiknast yfirlengdargjald samkvæmt töflu II. Er þá mælt frá stofnvari notanda, eftir greiðfærri leið, að lóðarmörkum við götu.

Bráðabirgðatenging, breyting á tengingu, viðbótartenging eða aukning á flutningsgetu tengingar og tenging utan skipulagðra svæða, greiðast samkvæmt útlögðum kostnaði.

Tenging um loftlínu skal vera 20% ódýrari en greint er í töflu II. Ef loftlínu er breytt í jarðlínuheimtaug, skal greitt fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnum kostnaði hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðast við gildandi gjaldskrá, þegar breyting fer fram.

Ef setja þarf spennistöð, sem að mestu leyti er í þágu eins notanda, skal hann leggja til lóð og húsnæði fyrir stöðina, sem fullnægir settum reglum um gerð og frágang spennistöðva, rafveitunni að kostnaðarlausu.

Þegar um er að ræða tengingu á nýjum húsum, ber væntanlegum notanda að fá samþykki rafveitunnar fyrir staðsetningu og fyrirkomulagi tengingarinnar (heimtaugarinnar), áður en byggingarframkvæmdir hefjast. Ef svo er ekki gert, er rafveitunni heimilt að krefjast notanda um greiðslu á sannanlegum aukakostnaði sem hún hefur lagt í vegna þess (auka heimtaugargjalds).

Séu aðstæður að einhverju leyti óvenjulegar, er varða tengingu við veitukerfið, er heimilt að krefjast aukagjalds.

Rafveitunni er ekki skylt að leggja heimtaug á tímabilinu frá 1. des. til 1. maí nema ef notandi samþykkir að greiða þann umframkostnað sem af frosti í jörðu kann að leiða.

#### TAFLA II. Tenging við veitukerfið/heimtaugargjöld.

Málstraumur stofnvara/spenna	Stofngjöld tenginga eða heimtauga kr.	Yfirlengdargjald eða kostnaður kr./meter
63 amp 220/380 volt	59 220	2 320
100 — 220/380 —	93 410	2 690
125 — 220/380 —	116 605	2 930
200 — 220/380 —	183 150	4 030
300 — 220/380 —	262 515	4 885

Tenging með meiri flutningsgetu eða annarri spennu, greiðist samkvæmt kostnaði.

#### SKÝRINGAR MEÐ TÖFLU I.

##### A. Lýsing.

- 1.1 Lýsing án fastagjalds. Taxti fyrir alla notkun, sem ekki er seld undir öðrum liðum í þessari gjaldskrá.
- 1.2 Lýsing með fastagjaldi af stærð húsnæðis. Taxtinn aðallega ætlaður fyrir verslanir, vinnustofur, skrifstofur og þ. h. staði. Tveir fermetrar jafngilda einum í göngum, geymslum og þvilkum stöðum.
- 1.4 Eftir þessum gjaldskrárlíð má selja rafmagn til notkunar á vinnustöðum meðan á byggingu stendur án fastagjalds.

##### B. Heimili.

- 2.1 Fastagjaldið miðast við stofur, hol, svefnherbergi og eldhús, 5—25 m<sup>2</sup>, ef herbergin eru minni, reiknast hálf gjald, en af stærri tvöfalt. Ef um smá atvinnurekstur er að ræða, er fær raforku um heimilismælinn, þá reiknast þar tvöfalt fastagjald samkvæmt lið 1.2 og eftir sömu reglum.

**C. Iðnaður og verslun.**

- 3.1 Fyrir litlar vélar og tæki í verslun og iðnaði. Þegar rafmagn til ljósa (taxti 1.2) er mælt með sama mæli, reiknast fast gjald af m<sup>2</sup> gólfflatar samkvæmt þeim taxa.
- 3.2 Afl- og orkumæling. Gjaldstofn fastagjalds er aflúttak í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl mælt í 15 mínútur. Ársafl reiknast aldrei lægra en 3 kW þegar um hreina vélanotkun er að ræða, en lágmark 10 kW ef raforka til ljósa er einnig seld um sama mæli. Reiknast þá til viðbótar fastagjald samkvæmt lið 1.2 þar sem lýsing er. Heimilt er að takmarka aflúttak samkvæmt þessum lið í allt að 2 kist. á dag á mestu álagstímum.

**D. Hitun.**

- 4.1 Heimilt er að selja órofna heimilisnotkun (B-2.1) um sama mæli og D-4.1 til 4.3 reiknast þá til viðbótar fastagjald 4.3 samkvæmt taxa **B-2.1 margfaldað með** tölunni 5.

Í sumarbústöðum skal reikna hverja heila 25 m<sup>2</sup> af heildarflatarmáli bústaðarins sem eitt herbergi, enda sé eingöngu um sumarnotkun að ræða.

- 4.4 Sumarhitun. Gildistímabil sumarhitunarleyfa er 1. maí til 30. sept. ár hvert. Ef notkun sumarorku fellur niður eða verður óeðlilega lítil yfir fyrrgreint tímabil, að mati rafveitustjóra, endurnýjast viðkomandi leyfi ekki sjálfkrafa á næsta ári eins og ef um eðlilega notkun hefði verið að ræða.

**F. Annað.**

- 5.1 Sérsmningar. Ef sérstaklega stendur á, getur notandi leitað eftir sérstökum samningi um raforkukaup.

Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis um stundarsakir, að því tilskyldu, að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

Þæjarstjórn ákveður greiðslur fyrir gatna- og hafnarlýsingu, að fengnu áliti rafveitustjórnar. Einnig greiðslur fyrir stofn- og viðhaldskostnað götulyfingar.

**Ýmis gjöld.**

Söluskattur, verðjöfnunargjald og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í töflu I þessarar gjaldskrár, nema á töxtum 4.2, 4.3, 4.4 og 4.5.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitustjórn heimilt að hækka orkureikninga um 30% af þeirri hækkun. Fyrir hver 5% sem kaupgjald hjá Rafveitu Ísafjarðar hækkar eða lækkar, hvort heldur er sökum breytinga grunnkaups eða kaupgjaldsvísitölu frá og með 1. júní 1976 er rafveitustjórn heimilt að hækka eða lækka gjaldskrá um 2%. Hækkunar samkvæmt ofanrituðu eru þó því aðeins gildar að heimild iðnaðarráðuneytisins sé fyrir hendi.

Ef fyrirsjáanlegt er að dómi rafveitustjóra, að örðugleikar verði á rekstri Rafveitunnar sakir vatnsskorts, getur rafveitustjórn með samþykki iðnaðarráðuneytisins gert bráðabirgðaráðstafanir er hún telur heppilegar til að draga úr orkunotkun á veitusvæðinu meðan á vatnsskorti stendur.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. júlí 1976, og birtist til eftir-

breytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá Raf-  
veitu Ísafjarðar.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júní 1976.*

F. h. r.

**Árni Snævarr.**

*Jóhannes Guðfinnsson.*

16. júlí 1976.

Nr. 266.

## REGLUGERÐ

### um síldveiðar.

#### 1. gr.

Bannað er að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sé hún verulegur hluti sildarafla fiskiskips.

Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

#### 2. gr.

Fái fiskiskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.

#### 3. gr.

Sé skipstjóri fiskiskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir valdar af handahófi. Reynist meira en 50 síldir, 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

#### 4. gr.

Nú kemur síldveiðiskip eða síldarmóttökuskip með síldarfarm til hafnar blandaðan smásíld og er þá síldarmóttakanda skylt að ganga úr skugga um, hvert sé hlutfall smásíldarinnar í aflanum, á þann hátt að tekin skulu þrjú sýnishorn valin af handahófi með 100 síldum í hverju. Sé hlutur smásíldar, samanber 1. gr., að meðaltali úr þessum þremur sýnishornum meiri en 55%, skal síldarmóttakandi gera Framleiðslueftirliti sjávarafurða aðvart, sem síðan gengur úr skugga um stærðarhlutföllin á sama hátt og að framan greinir, og gerir sjávarútvegsráðuneytinu viðvart, sé hlutur smásíldarinnar yfir 55%.

#### 5. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið veitir, að fengnu álití Hafrannsóknastofnunarinnar og Fiskifélags Íslands, leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

#### 6. gr.

Framleiðslueftirlit sjávarafurða og eftirlitsmenn ráðuneytisins skulu hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt.

### Ákvæði til bráðabirgða.

Á svæði fyrir Suður- og Vesturlandi frá línu, sem dregin er réttvísandi suðaustur frá Eystra-Horni suður um og vestur fyrir að línu, sem dregin er réttvísandi norðvestur frá Ríti eru allar síldveiðar bannaðar til 15. júlí 1977.